



## LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

### Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Send rafrænt:

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 27. febrúar 2024

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, lögum um meðferð einkamála og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. (miðlun og form gagna, fjarþinghöld, birting ákæra, o.fl.), 691. mál á 154 löggjafarþingi

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um meðferð sakamála, lögum um meðferð einkamála og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., sem flestar miða að því að gera samskipti þeirra sem vinna á grunni löggjafarinnar tæknilega hlutlaus og skapa forsendur til að nýta tæknilausnir í ríkari mæli í réttarvörslukerfinu. Breytingarnar miða að því að gera réttarfarslöggjöfina hlutlausa um afhendingarmáta gagna og tilkynninga og heimila meðal annars í auknum mæli notkun rafrænnar lausna í stað undirritanna með eigin hendi, festa í sessi í almennum ákvæðum heimildir til að nota fjarfundabúnað við rekstur einka- og sakamála fyrir dómi og við skýrslugjöf hjá lögreglu, auk þess að heimila stafræna birtingu ákæra og annarra skjala við rannsókn og meðferð sakamála sem nú krefjast tiltekins birtingarmáta. Markmið þeirra breytinga sem lagðar eru til með frumvarpinu er að réttarvörslukerfið verði einfaldara, notendavænna og að málsmeðferð verði greiðari, án þess að gæðum og réttaröryggi verði fórnad. Ætlunin er að þær bæti aðgengi að dómstólunum og einfaldi samskipti, m.a. við lögreglu, auki skilvirkni og hagkvæmni í starfsemi þeirra sem vinna eftir réttarfarslöggjöf og hafi jákvæð umhverfisáhrif með því að skapa forsendur fyrir að draga úr ferðalögum og notkun pappírs. Með breytingunum er ætlunin að ryðja úr vegi hindrunum í gildandi réttarfarslöggjöf fyrir því að framangreind markmið náist.

Embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri sem lúta að breytingum á lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Ákvæði 2. mgr. 32. gr. frumvarpsins er svohljóðandi:

Heimilt er að birta ákæru fyrir ákærða í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda og telst hún þá réttilega birt þegar ákærði hefur staðfest móttöku hennar.

Embættið telur að með framangreindu sé gengið alltof skammt í því hvenær ákæra teljist réttilega birt. Telur embættið að hin svokallaða leið A sem vísað er til í greinargerð með frumvarpinu, þ.e. „Að gagn (ákæra) teljist réttilega birt þegar það hefur verið gert aðgengilegt í stafrænu pósthólfi“, tryggi betur fyrirkomulag birtinga til framtíðar litið og



## LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUDBORGARSVÆÐINU

boðanna í tengslum við dómssmál. Með því að ganga svo skammt, líkt og kveðið er á um í 2. mgr. 32. gr. frumvarpsins, er í raun verið að móta tvöfalt kerfi á birtingum ákæra, með tilheyrandi kostnaði, óhagræði og þyngri málsmeðferð. Er slíkt í andstöðu við 7. gr. laga nr. 105/2021 um stafrænt pósthólf þar sem fram kemur að skjal teljist réttilega birt þegar það er gert aðgengilegt í stafrænu pósthólfi. Telja má víst að þarna hafi vilji löggjafans verið sá að þar með væri gengið nægilega langt og ekki ætlast til að birtingarþoli hefði val um hvort hann staðfesti móttöku eða ekki og komast þar með hjá birtingu með rafrænum hætti. Í greinargerð með frumvarpinu kemur eftirfarandi fram um 7. gr:

Það er því ekki gerð krafa um að viðtakandi þurfi að hafa opnað gögnin og staðfest móttöku þeirra, enda fælu ríkari skyldur í sér frávik frá núverandi birtingaraðferðum. Það er því hvorki lögð meiri né minni ábyrgð á herðar viðtakanda gagnanna en gert er með gildandi réttarreglum um að fylgjast með þeim gögnum sem berast með hefðbundnum hætti og bregðast við þeim á viðeigandi hátt. Þá munu birtingaraðilar ekki fá upplýsingar um hvenær einstaklingar og lögaðilar lesa hvern og einn póst, enda væri það óhóflegt inngríp hvað persónuvernd varðar.

Ekki stendur til að vera vöktun á ákæruskjali þannig að birtingaraðilar munu ekki fá upplýsingar um hvort ákærði/ákærða/ákærða hafi í raun mótttekið skjalið eða jafnvel opnað það, þar sem að ákærða/ákærðu/ákærða er í sjálfsvald sett hvort hann/hún/hán staðfesti móttöku eða ekki. Einnig má benda á að slíkt tvöfalt kerfi gengur gegn nútíma hugmyndum um einfalda og fyrirsjáanlega stjórnsýslu og yki að öllum líkindum á tafir við birtingu ákæru.

Það er mat embættisins að með því að færa birtingar og boðanir í rafrænt umhverfi sé í raun verið að auka við þjónustu og tryggja betur friðhelgi einkalífs og persónuvernd þeirra sem sæta slíkum birtingum. Í núverandi lagaumhverfi getur komið til lögheimilisbirtingar (ákæruskjal birt þeim einstaklingi sem birtingarmaður hittir fyrir, eða býr á lögheimili ákærða/ákærðu/ákærða) eða birtingar í Lögbirtingablaði. Slíkt hlýtur að teljast verulegt inngríp fyrir einstaklinga og væri því stafræn birtingarleið góður kostur til að tryggja friðhelgi einkalífs, sbr. sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. Mannréttindasáttmálans. Þá getur komið til að óviðkomandi aðilar verði vitni að því þegar ákæra er birt fyrir ákærða/ákærðu/ákærða.

Megintilgangur birtingar ákæru er sá að ákærði/ákærða/ákærða fá vitneskju um útgáfu ákæru og innihald hennar og geti tekið til varna sem og upplýsingar um næstu skref, þar á meðal hvenær mæta á fyrir dómara og afleiðingar þess ef það er ekki gert. Sá réttur ákærða/ákærðu/ákærða er vel varinn með beinni birtingu í rafrænu pósthólfi og án milliliða. Réttaröryggissjónarmiðin yrðu ekki fyrir borð borin ef heimildir um endurupptöku útivistarmáls í héraði, sbr. XXIX. kafli laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, yrðu að sama skapi rýmkaðar. Mætti þá einnig taka til skoðunar að þegar skjal sem hefur mikil áhrif fyrir borgarana, líkt og ákæra gerir, væri pósthólf Ísland.is stillt þannig að alltaf færi SMS til móttakanda, til að auka líkur á að hann yrði þess var að þar liggi skjal til birtingar.



## LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Til að tryggja rétt þeirra sem kjósa að standa utan við rafræna stjórnsýslu og kjósa að vera ekki með rafræn skilríki, eða geta ekki öðlast slík skilríki, gæti birting farið fram í samræmi við þann hátt sem hafður er á í dag.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpið og styður aðrar breytingartillögur á lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Virðingarfyllt,

María Káradóttir,  
sviðsstjóri ákærusviðs